

UNGIR EINLEIKARAR, UNG TÓNSKÁLD

Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri

Anna Þorvaldsdóttir, tónskáld

Hafþís Bjarnadóttir, tónskáld

Helga Svala Sigurðardóttir, einleikari

Matthías Sigurðsson, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2009/10

aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 14. janúar 2010 kl. 19.30

Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri
Anna Þorvaldsdóttir, tónskáld
Hafdís Bjarnadóttir, tónskáld
Helga Svala Sigurðardóttir, einleikari
Matthías Sigurðsson, einleikari

UNGIR EINLEIKARAR, UNG TÓNSKÁLD

Hafdís Bjarnadóttir	Þórdísarhyrna, 1.-12. umferð (2008)
Carl Maria von Weber	Klarinettkonsert nr. 2, op. 74 (1811) Allegro Romanze (Andante con moto) Polacca
Hlé	
Anna Þorvaldsdóttir	Dreymi (2008)
Jacques Ibert	Flautukonsert í D-dúr (1934) Allegro Andante Allegro scherzando

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á sumardaginn fyrsta.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listaháskóla Íslands.



Bernharður Wilkinson hóf tónlistarferil sinn sem kórdrengur við Westminster Abbey í Lundúnum. Hann kom til Íslands árið 1975 að loknu námi í flautuleik við Royal Northern College of Music og réðst til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Bernharður hefur verið búsettur í Færeyjum um nokkurra ára skeið en hefur verið mikilvirkur í íslensku tónlistarlífi sem kennari, flytjandi og stjórnandi. Hann kenndi um árabil við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einn af stofnfélögum Blásarakvintetts Reykjavíkur.

Orðstír Bernharðar sem stjórnanda vex stöðugt. Hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit æskunnar, Lúðrasveit æskunnar og Kammersveit Reykjavíkur. Hann stjórnaði einnig sönghópnum Hljómeysi um árabil og var aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 1999 til 2003. Hann stjórnaði frumflutningi á fyrstu sinfóníu Færeyinga, sinfóníu eftir Sunleif Rasmussen sem síðar hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin, og fyrstu færeysku óperunni, *Í Ódamansgardi* eftir Rasmussen. Bernharður stjórnar SÍ í hljóðritun BIS á flautukonserti Hauks Tómassonar, sem hlaut Midem-verðlaunin í Cannes árið 2006.

Einleikarakeppni LHÍ og sí

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni tóku 11 nemendur þátt og tveir báru sigur úr bítum. Dómnefndina skipuðu þau Karólína Eiríksdóttir (formaður), Rumon Gamba, Kolbeinn Bjarnason, Ólaf Kolbrún Harðardóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir.

MATTHÍAS SIGURÐSSON

einleikari



Matthías Sigurðsson hóf nám sitt á klarinett sjö ára gamall í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar. Árið 2005 hóf hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Kennari hans þar næstu fjögur árin var Sigurður Ingvi Snorrason en nú lærir hann hjá Kjartani Óskarssyni. Síðastliðið vor lauk hann við framhaldspróf. Matthías hefur sótt masterklassa hjá Dimitri Ashkenazy og Martin Fröst. Hann hefur komið fram með ýmsum hópum og má þar nefna m.a. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Blásarasveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands,

Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, auk þess að hafa komið fram með smærri kammerhópum í TR og LHÍ. Síðastliðið sumar hlaut hann styrk til þess að fara á námskeið í Dartington á Englandi hjá hinum víðkunna klarinettleikara Alan Hacker.

Auk hins hefðbundna klassíska náms hefur Matthías kynnt sér klezmer- og balkan-tónlist og hefur hann sótt námskeið og einkakennslu á þeim sviðum. Matthías vann keppni á síðasta ári um að koma fram sem einleikari með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og flutti hann þá þennan sama konsert.

HELGA SVALA SIGURÐARDÓTTIR

einleikari



Helga Svala Sigurðardóttir fæddist í Reykjavík 1989. Hún hóf nám í þverflautuleik 1997 í Tónlistarskóla Seltjarnarness og lærði þar undir handleiðslu Örnú Kristínar Einarsdóttur auk annarra. Árið 2004 lá leiðin í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún hefur auk Örnú Kristínar notið kennslu Hallfríðar Ólafsdóttur, Áshildar Haraldsdóttur og Magneu Árnadóttur en hún hefur nær óslitið verið nemandi Hallfríðar. Þar tók hún áttunda stig vorið 2009 og mun halda útskriftartónleika frá skólanum í vor. Helga Svala hefur sótt fjölda námskeiða og einkatíma, m.a.

hjá William Bennett, Denis Bouriakov, Ian Clarke, Bernharði Wilkinsson og Toke Lund Christiansen en hjá þeim síðastnefnda lærði hún í sumar.

TÓNSKÁLDASTOFA

Í fyrra efndi SÍ í fyrsta sinn til Tónskáldastofu. Valin verk ungra tónskálda eru flutt, tónskáldin taka við athugasemdom frá hljómsveit og stjórnanda og fá tækifæri til að lagfæra ef eitthvað má betur fara. Síðar eru verkin hljóðrituð og upptökuna geta tónskáldin nýtt sér til að koma tónlist sinni betur á framfæri. Skilafrestur í næstu Tónskáldastofu er 1. febrúar og er frekari upplýsingar að finna í ársbæklingi SÍ.

HAFDÍS BJARNADÓTTIR

Þórdísarhyrna, 1.-12. umferð



Hafdís Bjarnadóttir tónskáld og rafgítarleikari útskrifaðist sem djassgítarleikari frá Tónlistarskóla FÍH árið 2002. Sama ár kom út geisladiskurinn *Nú* hjá Smekkleysu með tónlist hennar í flutningi eigin hljómsveitar. Sú plata þótti brúa landamæri milli ýmissa tónlistarstefna, þ.á m. djass, rokks, þjóðlaga, endurreisnartónlistar og nútímatónlistar. Í desember sl. kom út önnur sólóplata Hafdísar, *Jæja*, og sem fyrr leitast hún við að blanda saman ólíkum hljóðfærum og stefnum. Vorið 2007 lauk Hafdís BA-prófi í tónsmíðum frá LHÍ þar sem hún lærði hjá Atla Ingólfssyni, Hildigunni Rúnarsdóttur og Úlfari I. Haraldssyni.

Síðastliðið sumar lauk hún meistaraþrófi í tónsmíðum frá Det Kongelige Danske Musikkonservatorium þar sem hún nam tónsmíðar hjá Hans Abrahamssen, Bent Sørensen, Niels Rosing Schow og Hans Peter Stubbe Teglbjerg. Auk þess hefur Hafdís fengið tilsögn í tónsmíðum hjá Sir Peter Maxwell Davies og Simon Bainbridge. Báðir voru þeir viðstaddir flutning verksins *Krónan* í London sl. sumar, en það verk var samið fyrir Esbjerg Ensemble upp úr fjármálatölum frá íslensku bönkunum frá 2007–2009.

Hafdís segir um verk sitt: „Einn haustdag í Kaupmannahöfn 2007 sat ég og blaðaði í *Atmosphères* eftir Ligeti. Þá tók ég eftir því að ein blaðsíðan í hljómsveitarskorinu líktist furðu mikið ákveðinni þrjónauppskrift úr bókinni *Þríhyrnur og langsjöl* eftir Sigríði Halldórsdóttur. Þá fæddist sú hugmynd að „þýða“ þrjónauppskrift yfir í tónlist fyrir sinfóníuhljómsveit. Uppskriftin sem varð fyrir valinu heitir Þórdísarhyrna, og ég vann verkið úr fyrstu 12 umferðunum. Verkið leitast við að túlka hvernig það er að sitja og þrjóna; hvernig hreyfingar handanna, áferð þráðarins, hljóðin í þrjónunum og stækkandi þrjónlesið kemur þrjónaranum í slökunarástand. Verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Álaborgar 2008. Veturinn 2008–2009 yfirfór ég verkið, breytti og bætti, og verður það flutt í þeirri mynd nú af Sinfóníuhljómsveit Íslands.“

Carl Maria von Weber (1786–1826) er talinn meðal fyrstu tónskálda rómantíska tímabilsins. Hann fæddist þó og ólst upp í klassíska heiminum, faðir hans vildi gera úr honum nýjan Mozart, þ.e. veita honum fullkomið tónlistaruppeldi og ferðast um með hann sem undrabarn. Þó að sú hafi ekki orðið raunin vakti Weber athygli ungur að árum. Aðeins tólf ára gaf Weber út sína fyrstu tónsmíð, sex fúgettur fyrir píanó og í kjölfarið komu fleiri verk sem festu hann frekar í sessi. Sem unglingur samdi hann nokkrar óperur sem voru fluttar víða um Evrópu, en á þeim tíma þóttu óperur einna best til þess fallnar að koma tónskáldi á framfæri.

Í mörg ár vann hann að því að byggja upp þýsku óperuna þar sem sú ítalska var ráðandi á markaðnum, en með *Der Freischütz* árið 1821 sló Weber í gegn í Berlín. Sú ópera varð síðar gríðarlega vinsæl um alla Evrópu. *Der Freischütz* er talin ein fyrsta rómantíska óperan og er oft flutt enn í dag. Weber lagði mikla áherslu á laglínuna í tónverkum sínum og gerði mikið til þess að hún kæmi skýrt fram. Hann var undir nokkrum áhrifum frá Beethoven hvað varðar form og úrvinnslu laglína, en að öðru leyti er form tónlistarinnar ekki ýkja framsækið enda var hans viðhorf til tónlistar það að hún skyldi höfða til hlustandans og láta vel í allra eyrum.

Árið 1811 kynntist Weber klarinettsnillingi nokkrum sem hét Heinrich Baermann. Sá hafði orðspor á sér fyrir mjúkan, flauelskenndan tón og tilfinningaríka tjáningu á tónlist. Weber skrifaði fyrst fyrir hann Concertino sem féll áheyrendum vel í geð. Velgengni þess verks varð m.a. kveikjan að tveimur klarinettkonsertum skrifuðum handa Baerman og síðar klarinettkvintett og Grand Duo Concertant. Weber og Baerman urðu góðir vinir og fóru á tónleikaferðalag um Þýskaland og víðar. Verkin sem Weber skrifaði handa Baerman taka mið af tæknisnilld hans en fallegar og fljóttandi laglínur eru heldur ekki sparaðar. Þar sem Weber var mikill óperusnillingur gætir margvíslegra áhrifa frá þeim í klarinettverkunum. Stundum tekur Weber beinlínis efni úr óperum sínum og setur það inn í önnur verk, og stundum eru kaflar í klarinettverkum hans sem minna á tónles í óperum. Sú er raunin í konsertinum sem hér er fluttur.

Fyrsti kaflinn hefst á kraftmiklu og hetjulegu stafi í strengjum. Klarinetið kemur inn eftir mikil hlaup í strengjum og upphafsstefið er kynnt til sögunnar eins og yfirlýsing. Það einkennist af stórum stökkum þar sem Weber gaf Baerman færi á að sýna framúrskarandi tónmyndun sína hvort sem var á háu eða lágu tónsviði. Hetjulegu upphafsstefinu er síðan svarað með mun mýkra og breiðara stafi en leiðir svo aftur yfir í hetjustæla og stökk. Loks tekur önnur mjúk laglína við; kaflinn einkennist þannig af

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Matthías er fjórði klarínettuleikarinn sem leikur konsert Webers með SÍ. Hann fetar í fótspor Einars Jóhannessonar (1978), Guðna Franzsonar (1987) og Hermanns Stefánssonar (2003).

miklum andstæðum í blæbrigðum, tónsviði og styrkleika. Tónskáldinu liggur mikið á hjarta og setur fram mörg stef án þess að vinna frekar úr þeim. Kaflinn endar loks á flugeldasýningu þar sem einleikarinn er látinn sýna hversu hátt hann kemst.

Í hæga kaflanum leikur klarinettið gullfallega laglínu sem flýtur áfram í mikilli ró, enda ekki vanþörf á eftir hamagang fyrsta kaflans. Strengirnir svara með fallegu stafi sem flautur, óbó og fagott fylgja eftir. Spennan eykst þegar klarinettið kemur inn aftur, frasarinnir eru styttri og laglínan hraðar örlítið á sér en þegar strengir spila aftur sama millistefið róast allt niður aftur. Í þriðja sinn sem klarinettið kemur inn tekur það af skarið með hlaupum – styrkurinn og spennan eykst þar til hápunkti er náð með stóru stökki. Við tekur nokkurskonar kadensa sem leiðir okkur yfir í einn athyglisverðasta stað konsertsins. Hér bregður klarinettið bregður sér í hlutverk óperusöngvara og fer með resitatíf, svo minnir helst á dramatískt atriði úr einni af óperum tónskáldsins. Að lokum heyrir upphafsstefið aftur, örlítið breytt og endar á rólegri kadensu.

Þriðji og síðasti kaflinn, Polacca, er pólonesa eða pólskur dans. Einkenni hans eru þrískiptur taktur, óregluleg hrynjandi í laglínunni og rytmískur undirleikur þar sem áherslur eru oft á öðru slagi. Hér koma fyrir nokkur hröð stef sem reyna á tæknigetu flytjandans, en einnig léttari og mýkri kaflar inn á milli. Kaflanum lýkur með löngu niðurlagi þar sem klarinettið fer á handahlaupum fram á síðustu taktana.

M.I.S.

Náttúra
 eining
 flæði
 sýn
 hlýð
 eining
 Náttúra

Tilvist einstaklinga skapar heild þar sem hver og einn sinnir eigin hlutverki í óskrifðri samvinnu við alla aðra.

Veikur hljóðheimur fæðist af þögn, verkið verður til af hinu hljóða. Tónlistin er í einum þætti sem frá byrjun til enda myndar flæðandi hljóðheim. Hljómsveitarstjórinn verður hluti af hljómsveitinni þar sem hlutverk hans og „leikur“ er á ákveðnum stöðum ritaður til aðgreiningar frá reglulegum taktslætti, sem er hefðbundið hlutverk stjórnandans. Verkið er að tölverðum hluta byggt á öðrum hljóðum en tónum; tónlistin byggir á blöndun þessara hljóða og tóna sem í sameiningu mynda heild. Eftir þróun flæðandi samspils taka hljóðfæraleikararnir smám saman hver og einn að leika *einleik* samtímis, sem myndar þannig samspil af einstaka þáttum.

Sá innblástur sem náttúran veitir er ekki í formi þess að vilja endurskapa þann hljóðheim eða þær myndir sem þar er að finna. Það má líta á innblásturinn sem ákveðna heimild til að endurspeglu þau hlutföll og þá náttúrulegu framvindu sem fyrir augu, eða eyru, ber. Þannig má notast við þessi fyrirbæri sem tæki, frekar en efni, í formi viðmiða sem notast er við þegar tónlistin er skrifuð.

Hreyfingalaus nærvera stjórnandans stýrir hljómsveitinni að lokum: eftir að hafa byggt verkið frá byrjun og ræktað það nægir tilvist hans til að leiða hljómsveitina og verkið inn í hið óendanlega. Tími er óþarfur. Hringrásin heldur áfram.

Í hverjum hljómi má finna hljóðaveröld þar sem hinar smáu hljóðeiningar, er saman mynda hvern tón, leysast upp og skapa sinn eigin hljóðheim. Með því að beina hlustuninni að mismunandi eiginleikum hljóðsins má breyta upplifuninni frá einu andartaki til annars.

-uppgötuvun-

Verkið var innblásið af og er tileinkað stórkostlegri náttúru Íslands, þeirrar fegurðar sem ég er svo lánsöm að hafa fengið að fæðast til.



Anna Þorvaldsdóttir lauk BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2004 þar sem aðalkennarar hennar voru Mist Þorkelsdóttir og Þorkell Sigurbjörnsson. Árið 2006 hélt hún í framhaldsnám í tónsmíðum við University of California í San Diego í Bandaríkjunum. Þaðan lauk hún mastersgráðu í tónsmíðum 2008 og stundar nú doktorsnám við sama skóla í samstarfi við Rand Steiger tónskáld. Hún hefur sótt námskeið hjá fjölda tónskálda, svosem hjá Roger Reynolds, Philippe Manoury, Chinary Ung og Tristan Murail.

Verk Önnu hafa verið flutt víða í Evrópu og í Bandaríkjunum af íslenskum sem erlendum flytjendum. Verk hennar hafa hljómað á hátíðum á borð við Norræna músíkdaga, Prague Premieres, Festival Nordischer Klang, Sumartónleika í Skálholti og Myrka músíkdaga svo fá eitt sé nefnt. Meðal tónlistarhópa sem leikið hafa og/eða pantað verk hennar má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómeyki, Mótettukór Hallgrímskirkju, Adapter Ensemble og Athelas Ensemble. Sí hefur hljóðritað þrjú hljómsveitarverka Önnu, og var *Stund milli stríða* flutt á áskriftartónleikum hljómsveitarinnar undir stjórn Christians Lindberg í mars 2006. Meðal þess sem er á döfinni hjá Önnu er vinna við tónlist fyrir útvarpsleikrit á vegum RÚV, tónleikar með eigin verkum á Myrkum músíkdögum, ritun hljómsveitarverks sem frumflytja á í nýja tónlistarhúsinu í Reykjavík og kammerhljómsveitarverk fyrir UCSD New Music Ensemble.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Helga Svala er áttundi flautuleikarinn sem flytur konsert Iberts með SÍ. Áður hafa flutt verkið þau Geoffrey Gilbert (1965), Jean-Pierre Rampal (1975), Manuela Wiesler (1983), Björn Davíð Kristjánsson (1987), Áshildur Haraldsdóttir (1994), Johanne Kettunen (1998) og Melkorka Ólafsdóttir (2004).

JACQUES IBERT

Flautukonsert

Franska tónskáldið Jacques Ibert (1890–1962) skrifaði eitt þekktasta verk sitt, flautukonsert í D-dúr fyrir hinn heimsfræga franska flautuleikara Marcel Moyse og tileinkaði honum. Sagan segir að Moyse hafi aðeins haft tvo daga til að æfa konsertinn áður en hann frumflutti hann á tónleikum í París 25. febrúar 1934. Eftir frumflutninginn hélt Moyse sessi sínum sem meistari konsertsins en sú tæknilega færni sem verkið krefst fældi aðra flautuleikara frá því að spreyta sig á því. Vegna þessa var konsertinn hvorki fluttur í Englandi né Bandaríkjunum fyrir en 1948. Tæknilega er konsertinn einn sá erfðasti sem saminn hefur verið fyrir hljóðfærið en virtúóssaskrifin virðast frekar vera ætluð til skemmtunar en sýndarmennsku; öll sú tækni sem flautan hefur uppá að bjóða er könnuð án þess að athyglin beinist um of að tæknisnilldinni sjálfri. Síðar notaði Ibert kadensu þriðja kaflans sem prófstykki í tónlistarháskólanum í París þar sem Moyse kenndi og var hún mælikvarði á hvort nemendur væru hæfir að útskrifast úr skólanum.

Einn af helstu kostum konsertsins er skýrleiki en Ibert gætti þess að leyfa hljóm- sveitinni aldrei að yfirgnæfa einleikarann. Í fyrsta kaflanum hefur einleikarinn leik sinn með kröftugum straumi sextándupartsnótna. Tónlistin er full af orku og tónræn laglína sem tekur við flýst milli einleikarans og hljóm- sveitarinnar sem og milli mismunandi hluta hljóm- sveitarinnar. Kaflinn kynnir áheyrendum möguleika hljóðfærisins og leyfir flytjandanum að láta ljós sitt skína. Með því að setja inn takta í 3/8 eða 3/4 inn í annars stöðugan tvískiptan takt gerir Ibert fyrsta kaflann að talningaræfingu fyrir einleikara, stjórnanda og hljóm- sveit.

Annar kaflann skrifaði Ibert í minningu föður síns en hann sýnir vel hvers megnug flautan er þegar kemur að skáldlegri tjáningu. Kaflinn er í þrískiptu formi, flautan syngur ofurbliðlega yfir hljóðlátum strengjum og ókyrrð magnast upp í miðhlutanum áður en tónlistin deyr út. Út frá þessum rólega kafla hefst þriðji kaflinn með látum en hann er að forminu til rondó með þremur meginhugmyndum og einu kadensu konsertsins. Kaflann einkenna leikandi tríólur hjá flautunni og endurtekinn leikur Iberts að skiptingum á milli þrí- og fjórskipts takts gæðir kaflann ferskum hryn og gefur djassaðan blæ. Í miðhluta kaflans flýgur tindrandi flautulínan hátt yfir tælandi hljóm- sveitinni. Kadensan er tilkomumikil, hljóðfærið er fullnýtt á alla vegu, áður en konsertinum lýkur fremur snögglega. Vegna jafnvægis, snarpra skila, þokka og ljóma er Ibert konsertinn í miklu upphaldi hjá flautuleikurum og er hann nú viðurkenndur sem eitt af meistaraverkum 20. aldarinnar.

H.S.S.



Franska píanóstjarnan Lise de la Salle er ekki nema tuttugu og eins árs gömul, en hún hefur þegar sent frá sér nokkra metsöludiska og haldið tónleika í stærstu tónleikasölum heims. Hún hefur verið kölluð „a talent in a million“ í *Gramophone*, og diskur hennar með píanókonserterum eftir Prokofíev og Sjostakovitsj var valinn einn af diskum mánaðarins í því mikils metna blaði. Hún þykir sameina einstaka tæknilega færni og djúpa ástríðu á einstakan hátt í flutningi sínum og þar sem hún heldur að jafnaði aðeins 20 tónleika á ári er það stórviðburður í hvert sinn sem hún kemur fram.

Á tónleikunum í næstu viku leikur hún tvo stórkostlega konserta 20. aldarinnar: píanókoncert nr. 1 eftir Prokofíev og píanókoncertinn eftir Ravel.

Auk þess flytur SÍ hina sjaldheyrðu *Sinfóníu í þremur þáttum* eftir Igor Stravinskíj, eitt af merkustu verkum hans frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar, og auk þess *Exit Music* eftir danska tónskáldið Bent Sørensen, sem var einmitt tónsmíðakennari Hafðísar Bjarnadóttur sem á verk á tónleikum kvöldsins.

Stjórnandi er Ilan Volkov, sem var um árabíl aðstoðarmaður Seijis Osawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston, en tók síðan við stöðu BBC-sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi. Hann hefur einstakt vald á tónlistinni og þykir hafa sérstaka hæfileika til að laða fram galdurinn í tónlist 20. aldarinnar. Þeir sem hafa gaman af ferskri og spennandi tónlist, fluttri af glæsilegum ungum stjórnnum, mega ekki láta þessa tónleika fram hjá sér fara.

Sögusinfónía Jóns Leifs er tímamótaverk í íslenskri tónlistarsögu. Hún var samín í Þýskalandi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, sem mótmæli við afbökun nasista á norrænu eðli. Verkið skiptist í fimm hluta sem lýsa persónum úr Íslendingasögum: Skarphéðni Njálssyni, Guðrúnu Ósvífursdóttur, Gretti Ásmundarsyni og fleiri köppum. Þessi stórfenglega lýsing á hetjum Íslendingasagna hefur ekki heyrst hér á landi á tónleikum síðan 1995, þegar hún var hljóðrituð fyrir BIS-útgáfuna. Sú hljóðritun fór sigurför um heiminn, vann til fjölda verðlauna og var eftirspurn svo mikil að útgáfan seldist upp á augabragði. Nú flytuur SÍ verkið á nýjan leik til að minnst þess að á nýliðnu ári voru 110 ár frá fæðingu Jóns Leifs. Hljómsveitarstjóri er Franck Ollu.

Auk *Sögusinfóníunnar* verða flutt þrjú ný íslensk verk sem hvert um sig kallast á við arf Íslendingasagna og tónlist Jóns Leifs. Í verkinu *Orustan við Vínu* lýsir Hróðmar I. Sigurbjörnsson miklum bardaga úr Egils sögu; *Yfir heiðan morgun* eftir Hjálmar H. Ragnarsson er lýsing á Guðrúnu Ósvífursdóttur þegar henni er tjáð lát Bolla Þorleikssonar. *48K* eftir Hlyn Aðils Vilmarsson er músikölsk hylling til kraftmikils tónmáls Jóns Leifs.

Þessir tónleikar eru spennandi framlag til íslenskrar tónsköpunar og um leið einstakt tækifæri til að heyra í lifandi flutningi eitt af mögnuðustu sinfónísku verkum sem íslenskt tónskáld hefur samið.

EINNIG Á DÖFINNI:

Carmina Burana eftir Carl Orff	11. og 12. febrúar
Sæunn leikur sellókonert Dvoráks	18. febrúar
Víkingur spilar Chopin	25. og 26. febrúar
Hilary Hahn spilar Prokofiev	4. mars
2. sinfónía Mahlers (60 ára afmælistónleikar SÍ)	18. mars

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 14. JANÚAR 2010

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Mark Reedman
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Kristján Matthíasson
Christian Diethard

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

Þrjú sígild uppáhaldsverk



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

CARMINA BURANA

Fim. 11.02.10 » 19:30

Fös. 12.02.10 » 19:30

- **Maurice Ravel:** *Bolero*
- **Alexander Borodín:** *Dansar frá Pólovetsíu*
- **Carl Orff:** *Carmina Burana*

Ruman Gamba hljómsveitarstjóri

Jón Svavar Jósefsson einsöngvari

Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari

Mark Tucker einsöngvari

Óperukórinn - Garðar Cortes kórstjóri

Bolero er þekktasta verk Ravels, dansar Borodins eru flestum kunnir og *Carmina Burana* er verk sem maður verður að heyrna á fullum styrk.

Einstakt kvöld þar sem öllu er tjaldað til.

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma 545 2500.

„Tónlistin á
að kveikja
eld í brjósti
karlmannsins
og laða fram
tár í auga
konunnar.“

Ludwig van Beethoven

